

Greiningarskýrsla SÍM 2025 um lífsviðurværi myndlistarmanna



© Emilia Telese, ágúst 2025. Allur réttur áskilinn.

Þessi skýrsla var skrifuð af Dr. Emiliu Telese og pantuð af Félagi íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Höfundurinn áskilur sér rétt til að vera nafngreindur sem höfundur þessarar rannsóknar í samræmi við gildandi lög um höfundarrétt og siðferðisrétt.

Tilvitnanir, heimildir eða afritun á hvaða hluta sem er af þessari skýrslu eru leyfðar í fræðilegum, faglegum eða stefnumótandi tilgangi, að því tilskildu að höfundur og titill skýrslunnar séu tilgreindir í fullri og réttri merkingu. Ekki má afrita neinn hluta þessarar útgáfu í viðskiptalegum tilgangi án skriflegs leyfis.

Tillögur að tilvitnun: Telese, E. (2025). Lífsviðurværi listamanna á Íslandi — Könnunarskýrsla SÍM 2025. Reykjavík: Samband Íslenska Myndlistarmanna (SÍM).

Um höfundinn

Dr. Emilia Telese er listamaður, fræðimaður og rannsakandi sem starfar á Íslandi, Ítalíu og Bretlandi. Hún útskrifaðist í málalartist frá Listaháskólanum í Flórens árið 1996 og lauk síðar framhaldsnámi í liststjórnun og menningarstefnumótun og doktorsnámi í félagsfræði frá Loughborough-háskóla í Bretlandi árið 2020, þar sem hún einbeitti sér að félagslegu og efnahagslegu framlagi myndlistarmanna í Bretlandi á árunum 1980 til 2010. Hún er starfandi myndlistarmaður sem hefur hún sýnt verk sín á alþjóðavettvangi síðan 1994, þar á meðal í Louvre-safninu, Feneyjatvíæringnum, Ars Electronica og ZKM í Sviss. Samhliða listsköpun sinni starfar hún fræðimaður. Sérsvið hennar eru tengsl listar, samfélags og hagfræði. Hún hefur, síðan 2001, haldið fyrirlestra um faglegar aðstæður listamanna við leiðandi háskóla víðsvegar um Evrópu, þar á meðal í University of the Arts, London, University of Brighton, London Metropolitan University, Manchester Metropolitan University, Pistoletto-stofnuninni, Ítalíu, Listaakademíunni í Flórens, Ítalíu, Jan Van Eyck-akademíunni í Maastricht og Listaháskóla. Á árunum 2009 til 2014 var hún svæðisfulltrúi Arts Council í Englandi. Á tímabilinu frá 2008 til 2011 sat hún í ráðgjafarnefnd Paradox, Evrópska listaráðsins, Evrópuvettvangi með áherslu á þróun evrópskra staðla fyrir kennslu og starfsþróun listamanna. Á árunum 2009 til 2011 var Emilia Telese í ráðgjafarnefnd CCS Creative Cultural Skills, samtaka sem stuðla að þjálfun og starfsþróun listamanna og skapandi fólks í Bretlandi.

Árið 2025 tók Emilia Telese vinna þessa skýrslu um líf skjör og starfsaðstæður myndlistarmanna á Íslandi, að beiðni SÍM. Hún er unnin í framaldi af fyrri könnunum SÍM frá 2020 og er því langtímarannsókn sem tekur yfir fimm ára tímabil. Frumniðurstöður könnunarinnar voru birtar í júní 2025 og leysir þessi ýtarlegri greining hana nú af hólmi.

Fyrri rannsóknir höfundar á lífsaðstæðum íslenskra listamanna

Á árunum 2022 til 2025 birti Emilia Telese röð greina í íslenskum miðlum þar sem hún greindi lífsaðstæður listamanna á Íslandi. Þessar greinar eru núverandi skýrslu til grundvallar:

Telese, E (2025). Undoing the romanticisation of the starving artist (The Reykjavík Grapevine, apríl 2025, forsíðugrein). — Sjónarhorn höfundar sem lista- og fræðimanns var í greininni tvinnuð saman við vitnisburði annarra listamanna til að gera úttekt á möguleikum, vinnuaðstæðum og faglegum þáttum myndlistar á Íslandi.

Telese, E (2025) Staður til að vinna: Aðstaða listamanna á Íslandi, (Myndlist á Íslandi, 5. tbl) Í greininni er lagt mat á sláandi mun milli menningarlegs framlags listamanna og efnahagslegrar viðurkenningar þeirra. Greinin varpar ljósi á hvernig flestir listamenn þéna minna en mannsæmandi laun og hvernig vanfjárfesting í einstaklingbundinni hæfni (samanborið við fjárfestingu til stofnana) grefur undan sjálfbærni menningarsviðsins.

Telese, E (2022) Félagshagfræðilegt gildi listafólks á Íslandi (Myndlist Á Íslandi, 2. tbl.) — Greining á stöðu myndlistarmanna í íslenska hagkerfinu og hvernig tillit er tekið til fagmenntunar og þekkingar listamanna við mótun menningarstefnu á Íslandi. Greinin sýndi

einnig fram á hvernig ójafnt aðgengi að möguleikum dregur úr vægi listamanna sem teljast til minnihlutahópa. (1)

Þessar greinar, skoðaðar í samhengi, birta endurtekin þemu: ótryggar tekjur, ótryggt framboð á vinnustofum, kerfisbundin vanræksla á að tryggja aðstæður einstakra listamanna og auðvelda þeim að vinna virkt starf. Þessi könnun staðfestir og endurtekur þessar innsýnir og veitir traustar meginlegar sannanir. Dr. Telese lýsti áður áhyggjum af ójöfnuði í aðgengi að og viðurkenningu listamanna. Núverandi könnun undirstrikar þessar niðurstöður, sem á sérstaklega við um þá listamenn svara á ensku og standa oft frammi fyrir auknum kerfisbundnum hindrunum í samanburði við aðra.

Yfirlit um framkvæmd rannsóknar

Þessi könnun á meðal fagmenntaðra myndlistarmanna á Íslandi, sem SÍM framkvæmdi árið 2025, dregur upp skýra mynd af efnahagslegri óvissu, miklu vinnuálagi og kerfisbundnum hindrunum fyrir sjálfbærni. Listamenn verja vinnustundum sem samsvara fullu starfi í listsköpun sína, en samt er hlutfall tekna þeirra sem byggir á listsköpun minna en 25% heildartekna. Margir þeirra treysta á kennslu margir þeirra treysta á kennslu eða önnur ólisttengd störf til að tryggja framfærslu sína..

Allir þeir sem tóku þátt í könnuninni voru aðilar að SÍM og þar með fagmenntaðir myndlistarmenn. Til að hljóta aðild að SÍM þurfa listamenn að fara í gegn um umsóknarferil þar sem fagleg staða þeirra og menntun er metin. Við viljum benda á að gögn frá þeim sem svöruðu könnuninni á ensku—sem er vísbending um að þeir séu erlendir að uppruna — birta okkur svipað mynstur og hinir, en þó sýna niðurstöðurnar að þeir meiri áskorunum hvað varðar tekjuöryggi, aðgang að kennslu og aðgengi að formlegum stuðningi. Þeir þurfa að reiða sig meira á verktakavinnu á fjölbreyttum vettvangi og treysta minna á stofnanalega viðurkenningu.

Meginniðurstöður rannsóknarinnar

Á meðan 75% starfandi myndlistarmanna á Íslandi eyða frá 30 til meira en 50 klukkustundum á viku í listsköpun og tengda umsýslu, nema tekjur þeirra frá myndlist einungis 20 til 25% af framfærsluþörf þeirra.

Þegar listamenn SÍM voru spurðir um hvað væri árangursríkast til að tryggja stöðu þeirra sögðu flestir að útfærsla á borgaralaunum sem tryggðu lágmarkstekjur myndi nýtast best. Þetta hafði meira vægi í niðurstöðum en styrkir eða skattaívilnanir.

Söfn og gallerí eru ennþá mikilvægur vettvangur fyrir sýningar, en listamannarekin sýningarrými og aðrir sýningar möguleikar eru sérstaklega mikilvægir fyrir listamenn af erlendum uppruna.

Aukinn fjárhagslegur stuðningur og niðurgreidd vinnustofurými myndi, að mati listamanna, hafa bein áhrif á aukna framleiðni, tilraunastarfsemi, vellíðan og jafnrétti.

Kerfislægar hindranir — hár kostnaður, óöruggt aðgengi að vinnustofum, takmarkaðar tekjur og þóknanir vegna myndlistar og ferða-/sendingarkostnaður — setja listamönnum skorður bæði hér heima og í útlöndum.

Ólíkar aðstæður þeirra með erlendan uppruna

Listamenn með erlendan uppruna eru í meira mæli en aðrir háðir kennslu og verktakavinnu, minna á sölu. Þeir leggja meiri áherslu á hindranir snemma á starfsferlinum og alþjóðlega viðurkenningu frekar en innlendar stofnanir og eru í meira mæli þátttakendur listamannareknu og óhagnaðardrífnu starfi og hátíðum. Þeir segjast hafa aðeins minni

aðgang að styrkjum, höfundarréttartekjum og innlendum söfnum en listamenn með íslenskan uppruna.

Helstu áskoranir fyrir listamenn á Íslandi

Könnunin leiðir í ljós heildarmynstur kerfisbundinna áskorana sem listamenn standa frammi fyrir til að tryggja lífsviðurværi sitt:

Óstöðugar tekjur (~75%)

Tekjur af listsköpun nema minna en 25% heildartekjum flestra myndlistarmanna. Þeir þurfa því að taka að sér aukastörf til að geta dregið fram lífið. Þau draga úr þeim tíma og orku sem þeir geta varið í listsköpun.

Mikið álag vegna stjórnunarstarfa (~50%)

Listamenn verja 10–30 klukkustundum í viku í umsóknarvinnu, stjórnsýslu og samskipti við stofnanir. Þessi „duldu verk“ eru nauðsynleg til að viðhalda myndlistarstarfi en gefur lítið í aðra hönd.

Óöryggi um vinnustofurými (~40%)

Margir svarendur sögðust hafa misst vinnustofurými sitt á síðustu fimm árum. Margir áttu í erfiðleikum með að mæta hækkandi leigugjöldum auk þess sem nokkur fjöldi hafði þurft að bíða lengi á biðlistum eftir vinnustofum. Þó að tímabundin vinnustofurými (einkarekin eða rekin af SÍM) hjálpi listamönnum til skamms tíma, þá er nauðsynlegt að geta boðið upp á vinnustofur til langs tíma á viðráðanlegu verði til að tryggja sjálfbært starf myndlistarmanna.


Takmarkaður aðgangur að styrkjum (um 65% fengu ekki styrki)

Meirihluti listamanna fékk ekki styrki á síðasta ári. Þeir sem svöruðu á ensku voru enn ólíklegri til að fá styrki, sem bendir til frekari hindrana fyrir listamenn af erlendum uppruna.

Heildarmyndin: Þrátt fyrir að listamenn séu í fullu starfi standa þeir frammi fyrir kerfisbundnum hindrunum sem grafa undan sjálfbærni og vellíðan. Samspil lágra tekna, mikils stjórnunarálags, óöruggra vinnuaðstæðna og takmarkaðra styrkja er kerfisbundin ógn við sjálfbærni og viðgang skapandi menningarstarfs á Íslandi.

Þessar niðurstöður endurspeglar samsvarandi rannsóknir í öðrum löndum, eins og í Bretlandi þar sem listamenn eru búa við óviðráðanlegar aðstæður og sífellda streitu við að tryggja sér lífsviðurværi samhliða listsköpun (3) og í Evrópu þar sem næstum 50% myndlistarmanna segjast búa við afleitar vinnuaðstæður, skort á samfélagslegum stuðningi, óöryggis í tengslum við samningagerð og að þurfa að byggja mörgum aukastörfum sem ekki tengjast liststarfsemi þeirra. (4)

Top Challenges Facing Artists in Iceland (Survey 2025)



Mynd 1 Helstu áskoranir sem listamenn á Íslandi standa frammi fyrir (könnun 2025): Meirihluti listamanna greinir frá tekjuóöryggi, miklu stjórnsýsluálagi, óstöðugum aðgangi að vinnustofum og takmörkuðum möguleikum á styrkjum. Þessar kerfisbundnu hindranir setja skorður á sjálfbærni þrátt fyrir að listamenn vinni að fagi sínu í fullu starfi.

Ítarleg greining

Aðferðafræði

Verkkaupandi: SÍM — Félag íslenskra listamanna

Þýði rannsóknar og rammi: Atvinnulistamenn sem búa/starfa á Íslandi

Tímabil sem rannsókn var unnin: Apríl til júní 2025

Aðferð: Könnun á netinu (í íslenskri og enskri útgáfu)

Úrtaksstærð: ≈ 178 íslenskir svarendur, ≈ 23 enskir svarendur (≈ 200 samtals)

Vigt: Engin notuð; niðurstöður birtar óvegið

Undirhópar: Heildarfjöldi svarenda samanborið við svarendur sem svöruðu á ensku (miðað við íbúa sem eru ekki enskumælandi)

Fjölval og opin svör: Fjölvalsniðurstöður birtar sem hlutfall svarenda; opnar athugasemdir flokkaðar eftir þemum og notaðar til að gefa niðurstöðum ýtarlegri mynd

Fyrirvarar:

- Ensk svör eru notuð til að merkja erlenda listamenn, þótt sé víst að allir sem ekki eru innfæddir hafi svarað á ensku.
- Lítil undirhópur ($N \approx 23$) þýðir að munurinn gefur vísbendingu en ekki alltaf tölfræðilega marktækur.
- Greining á opnum texta byggir á túlkun; ekki var hægt að flokka allar athugasemdir.

Athugasemd um tungumálahópa:


Könnunin var framkvæmd bæði á íslensku og ensku. Þó ekki sé hægt að gera ráð fyrir að svör á ensku endurspegli alla listamenn af erlendum uppruna, er mjög líklegt að þau endurspegli þá sem hafa takmarkaða færni í íslensku. Í niðurstöðum eru þeir sem svara á ensku því meðhöndlaðir sem undirhópur þeirra sem eru ekki innlendir að uppruna eða með verra tengslanet, sem gerir okkur kleift að bera kennsl á hugsanlegar hindranir þeirra fyrir aðgengi að möguleikum. Við viljum benda á að æskilegt væri við framkvæmd síðari kannana að greina á nákvæmari hátt í milli ólíkra undirhópa, með tilliti til þjóðernis, menningarlegs bakgrunns, fötlunar eða annarra þátta, til að geta boðið upp á heildstæðari niðurstöður.

Athugasemd um þýði:

Til að tryggja að allir þátttakendur væru viðurkenndir fagmenn í myndlist var könnunin eingöngu aðgengileg félagsmönnum SÍM, en skilyrði fyrir aðild að samtökunum er að umsækjendur hafi sýnt fram á faglega starfsemi í myndlist.

Aldur og kyn svarenda:


Q1. Gender Distribution of Artists in Iceland (Survey 2025)



Mynd 2. Heildardreifing: ~19% karlar, ~78% konur, ~3% annað, <1% vilja ekki segja til.

Dreifing þýðis rannsóknarinnar er í samræmi við sambærileg gögn frá Evrópu og Norður-Ameríku, þar sem konur eru nú meirihluta þeirra sem útskrifast með myndlistarmenntun. Í Bretlandi, svo dæmi sé tekið, eru 70% þeirra sem útskrifast með myndlistarmenntun konur, samkvæmt *Visual Arts Sector Review* (2016) á vegum Creative Scotland. Svipað hlutfall birtast á Norðurlöndunum: niðurstöður í bæði Danmörku og Finnland sýna að meirihluti nemenda í myndlistarskólum séu konur. Hér á landi sýna gögn frá Listaháskóla Íslands (LHÍ) að flestir nemendur í myndlistarnámi eru konur. Þannig er þýði könnunarinnar í samræmi við þróun í myndlistarmenntun. Alþjóðlegar skýrslur (t.d. skýrsla ESB „She Figures 2021“ og rannsóknir í Kanada á *konum í listum*) sýna að konur eru í meirihluta í menningarstörfum almennt, en eru enn í minnihluta hvað varðar markaðshlutdeild (sölu, verðlaun, forystustöður). Ísland hefur sett sér nokkuð sterka stefnu í málefnum jafnréttis, en, eins og í öðrum löndum, ríkir sú tilhneiging hér að forgangsraða karlkyns listamönnum. Þótt konur séu meirihluti starfandi myndlistarmanna, bendir margoft til kerfisbundinna hindrana í tengslum við viðurkenningu og tekjujöfnuð. (1)

Q2. Age Distribution of Artists (Overall vs. English respondents)



Mynd 3. Samanlagt úrtak sýnir meiri fjölda fólks á miðjum starfsferli ($\approx 50\%$ á aldrinum 45–64 ára), marktækan yngri hóp ($\approx 15\%$ á aldrinum 25–34 ára) og lágmarkspáttöku þeirra sem eru undir 25 ára aldri eða yfir 75 ára aldri.

Samanburður við kannanir frá 2020

SÍM hefur áður gert kannanir til að fylgjast með stöðu myndlistarmanna á Íslandi. Tvær kannanir frá 2020 eru mikilvægar og gagnlegar til samanburðar við núverandi rannsókn (2025):

1. Könnun á lífsviðurværi myndlistarmanna 2020

Tekjur og atvinna: 70% myndlistarmanna töldu list vera aðalstarf sitt, en innan við 25% tekna þeirra komu frá sölu listaverka. Aðeins 11% fengu sem samsvaraði hálfum árslaunum frá list sinni og innan við 2% náðu heilum árslaunum fyrir tilstilli styrkja.

Vinnustofur: 60% leigðu vinnustofur, 31% unnu heiman frá og 9% höfðu ekki aðgang að vinnustofu.

Alþjóðleg starfsemi: Mjög hátt hlutfall hafði sýnt verk sín erlendis — 72% í Evrópu, 58% á Norðurlöndunum, 42% í Norður-Ameríku, en minni hlutdeild í Asíu og Suður-Ameríku.

Virði fyrir almenning: Sýningarstarfsemi og fjölmiðlaumfjöllun erlendis var metin á um 1,6 milljarða króna árlega, samanborið við úthlutanir úr Launasjóði myndlistarmanna upp á

um 214 milljónir króna, sem undirstrikar ósamræmið milli opinberra fjárframlaga og framlaga til menningarmála.

2. Könnun á starfsumhverfi myndlistarmanna 2020

Úrtak: 218 svarendur, 81% konur, 19% karlar.

Sýningartíðni:

Innanlands (á 5 árum): 9,2 (karlar), 8,5 (konur).

Í útlöndum (á 5 árum): 5,6 (karlar), 4,8 (konur).

Samtals (á 5 árum): ~14 sýningar á listamann, án marktæks kynjamunar í heildina.

Aðlagð að heildarfjölda félagsmanna: Uppreiknað á heildarfjölda félagsmanna samsvarar þetta þátttöku í um 1.700 innlendum og 1.000 erlendum sýningum á ári. Þetta er vísbending um mikinn sýnileika íslenskra myndlistarmanna á alþjóðavettvangi.

3. Samanburður við núverandi könnun (2025)

Núverandi könnun sýnir fram á að myndlistarstarfsemi helst stöðug en að fjárhagslegt óöryggi er viðvarandi:

Afköst eru enn mikil: Meirihluti listamanna árið 2025 ver ennþá meir en 20 klukkustundum á viku í listsköpun sína og stór hluti þeirra heldur áfram að sýna verk sín, bæði á hér á landi og erlendis. Þetta er í samræmi við öfluga atvinnustarfsemi árið 2020.

Fjárhagslegar áskoranir eru meiri: Listamenn árið 2025 greina frá auknu álagi vegna stjórnsýslu, styrkumsókna og við kennslu til að afla tekna. Fáir reiða sig fyrst og fremst á sölu. Kerfislægt ósamræmi milli framleiðslu og tekna er því enn óleyst.

Óöryggi í vinnustofumálum: Árið 2020 leigðu 60% myndlistarmanna vinnustofurými. Þróunin til 2025 bendir til vaxandi óöryggis hvað aðgengi að hagkvæmum rýmum varðar. Þátttakendur af erlendum uppruna greindu frá meiri erfiðleikum í þessu tilliti.

Alþjóðlegur sýnileiki viðvarand: Alþjóðleg sýningartíðni er ennþá há. Þátttakendur af erlendum uppruna reiða sig í auknum mæli á erlendar sýningar til að koma sér á framfæri sem er vísbending um erfitt aðgengi að innlendum sýningarstöðum.

Jafnréttismál í skýrara ljósi: Gögnin frá árinu 2025 sýna skýrar fram á þær hindranir sem blasa við listamönnum af erlendum uppruna (tungumál, tengslanet, aðgengi að vinnustofum). Þær voru síður áberandi árið 2020 þegar þeir sem svöruðu voru flestir af íslenskum uppruna.


Heildarniðurstöður út frá áherslupáttum

Skilgreining á fagmennsku

Einni spurningu var bætt við könnunina árið 2025 sem ekki var í þeim sem SÍM lét gera árið 2020, um skilgreiningu á „atvinnulistamanni“. Könnunin leiðir í ljós að íslenskir myndlistarmenn skilgreina fagmennsku sem blöndu af hæfni, starfsreynslu og faglegu álitum jafningja. Um tveir þriðju hlutar tilgreindu formlega listmenntun sem ákvarðandi þátt fagmennsku, á meðan 60% tilgreindu stöðugan sýningarferil. Viðurkenning jafningja var einnig mjög mikilvæg, nokkuð sem undirstrikar hlutverk samfélagslegar viðurkenningar í að móta faglega sjálfsmynd.

Uppbygging tekna

Flestir listamenn fá innan við 25% af tekjum sínum frá sölu listaverka. Meirihluti þeirra reiðir sig á kennslu, verktöku við skapandi störf eða störf á öðrum vettvangi til að viðhalda myndlistarstarfi sínu. Þetta er í samræmi við þróunina alþjóðlega, en ástandið er þó verra hér á landi vegna hás framfærslukostnaðar. Um þrír fjórðu hlutar svarenda segjast ekki hafa nægar tekjur af list sinni til að sjá sér farborða. Þetta er sérstaklega áberandi meðal erlendra þátttakenda, sem hafa minni aðgang að tengslanetum og stofnunum innanlands og ólíklegri til að hljóta styrki. Aukinn efniskostnaður og hærri leiga vinnustofurýma grefur í auknum mæli undan fjárhagsstöðugleika. Þótt listamenn séu mjög áberandi og virkir á sýningarvettvangi dugir það oft ekki til þess að myndlistarstarf þeirra standi undir framfærslukostnaði.




Mynd 4. Dreifing tekna myndlistarmanna á Íslandi.

Atvinnupáttaka og vinnutími

Þótt listamenn verji umtalsverðum tíma í myndlistarstörf þurfa margir að eyða umtalsverðum tíma til að vinna launastörf á öðrum sviðum. Könnunin leiðir í ljós tvíþættan veruleika: sterka listræna skuldbindingu samhliða viðvarandi óöryggi. Listamenn verja því sem samsvarar fullu starfi (oft meira en 40 klukkustundum á viku) í sköpun, stjórnun og kennslu. Listamenn af erlendum uppruna lýsa álíka vinnuálagi en með minna svigrúm fyrir sköpun sína vegna þess að önnur vinna tekur of mikinn tíma. Niðurstöður könnunarinnar sýna fram á að listamenn á Íslandi verja tíma í atvinnupátttöku sem samsvarar fullu starfi eða meira — oftast án þess stöðugleika eða launa sem aðrar starfsgreinar njóta.

Næstum helmingur svarenda eyðir 10–30 klukkustundum á viku í stjórnundarstörf, styrkjaumsóknir og samskipti við stofnanir. Það er áhugavert að hafa í huga að þeir listamenn sem hafa hærri árstekjur eyða mun meiri tíma í stjórnun og samskipti við stofnanir sem sýnir fram á að starfsemi myndlistarmanna byggir til jafns í miklum samskiptahæfileikum samhliða skapandi vinnu. Það má einnig taka fram að þátttakendur eru að stórum hluta virkir listamenn á miðjum ferli; könnunin leiðir því í ljós að viðurkenndir listamenn þurfa að verja miklum tíma í stjórnunarstörf mörgum eftir útskrift. Þetta getur einnig verið til marks um að listamenn á miðjum aldri séu að verða virkir á ný í starfi við myndlist eftir að hafa stundað störf á öðrum sviðum um hríð.

Q7. Weekly Hours on Artistic Creation



Mynd 5 Vikulegar stundir um listsköpun íslenskra listamanna


Styrkir og fjármögnun

Flestir þátttakenda fengu ekki fjármögnun á síðasta ári. Erlendir þátttakendur voru enn ólíklegri til að fá slíka fjármögnun. Báðir hópar segja öruggar lágmarkstekjur til handa listamönnum vera áhrifaríkast til umbóta.

Eitt af brýnustu hagsmunamálum myndlistarmanna á Íslandi er betri aðgangur að styrkjum og fjárhagslegum stuðning, skv. könnuninni. Um tveir þriðju hlutar listamanna sögðust ekki hafa fengið neina styrki á árinu 2024. Þessi munur var enn meiri meðal erlendra þátttakenda sem standa frammi fyrir frekari hindrunum við að nýta sér íslenska styrkjakkerfið. Þegar spurt var um hvernig stuðningur myndi koma að mestu gagni (spurning 20) forgangsróðuðu báðir hópar öruggum lágmarkstekjum fyrir listamenn efst. Íslenskumælandi þátttakendur settu einnig hærri styrki og niðurgreiddar vinnustofur í forgang, en þeir sem svöruðu á ensku lögðu sérstaklega mikla áherslu á tekjuöryggi.

Listamenn töldu að með öflugri fjármögnun ættu þeir þess kost að einbeita sér að fullu að listsköpun sinni, án þess að þurfa að taka aukastörf að sér. Betri fjármögnun gæfi þeim einnig kost á að taka meiri áhættu í skapandi störfum sínum auk þess að bjóða upp á betri efnivið og tryggara vinnustofuhúsnæði. Í opnum athugasemdum lögðu þátttakendur áherslu á geðheilsu sína og vellíðan: margir töldu að fjárhagslegt öryggi myndi leiða til minni streitu, bættrar heilsu og aukinnar reisnar í starfi. Þátttakendur sem svöruðu á íslensku lögðu einnig áherslu á mikilvægi fjárhagslegs stöðugleika til að gera listamönnum kleift að leggja meira af mörkum til menningarlífsins — með öflugri sýningum, meiri möguleika á þátttöku almennings og fleiri sjálfsprottnum viðburðum sem væru samfélaginu til góðs.

Grants & Funding: Artists Receiving Grants (IS, EN, Overall)



Mynd 6 Styrkir og fjármögnun: Íslenskir listamenn sem fá styrk.

Vinnustofur og verkefnarými


Aðgangur að vinnustofum á viðráðanlegu verði er enn ein brýnasta áskorunin fyrir íslenska listamenn. Reynsla sem hlotist hefur frá vinnustofuverkefnum erlendis, eins og Broedplaatsen í Amsterdam, Workspace Programme í Berlín og Creative Land Trust í London, sýnir að langtímaverkefni á vegum opinberra yfirvalda um með vinnustofur

listamanna skilar miklum menningarlegum og efnahagslegum ávinningi. Ef svipaðri stefnu væri fylgt á Íslandi sem byggði á slíkum forsendum þá myndi það geta tryggt sjálfbærar aðstæður fyrir komandi kynslóðir íslenskra myndlistarmanna.

Margir listamenn sögðust hafa misst vinnustofu sína á síðustu fimm árum vegna hækkandi leiguverðs, endurnýjunar húsnæðis eða skorts á starfsöryggi. Biðlistar eftir niðurgreiddum vinnustofum eða vinnustofum hjá sveitarfélögum eru langir og margir búa við óviðunandi vinnuaðstæður. Um þessi málefni fjallaði ég í grein minni í *Myndlist á Íslandi*, tölublaði nr. 5 (sjá 1).

Verulegur hluti þátttakenda sagðist vinna á heimili sínu, oft í ófullnægjandi húsnæði eða bráðabirgðahúsnæði. Þetta var algengara meðal þeirra þátttakenda sem svöruðu á ensku sem er ábending um að þeir hafi takmarkaðra aðgengi að opinberum og niðurgreiddum vinnustofum. Leiguverð fyrir vinnustofur hefur hækkað meira en tekjur listamanna sem hefur leitt til þess að sumir hafa orðið minnka við sig, deila vinnustofum með öðrum eða vera án vinnustofu. Þátttakendur nefndu niðurgreiddar vinnustofur sem eina af fimm mikilvægustu leiður til að styðja við starfsemi listamanna (Spurning 20). Ófullnægjandi vinnustofurými dregur úr mögulegri framleiðni, setur tilraunum skorður, þýðir að erfitt er að bjóða áhugasömum að skoða verk listamann eða auka við starfsemi. Í skriflegum athugasemdum kom fram að slæm vinnuaðstaða hefði bein tengsl við við minni sýnileika og möguleika á starfsframa.

Studios & Workplaces: Access and Challenges (IS, EN, Overall)



Mynd 7: Vinnustofur og verkstæði: Aðgangur og áskoranir

Niðurstöður kannana sýna að óöryggi í tengslum við vinnustofurými er ein af mestu áskorunum sem íslenskir myndlistarmenn standa frammi fyrir. Um það bil 40% þátttakenda sögðust hafa misst vinnustofu sína á síðustu fimm árum. Mun fleiri glíma við hækkandi leiguverð, ófullnægjandi aðstöðu eða langa biðlista eftir niðurgreiddum vinnustofurýmum. Vandamál þessu tengd grefur undan framleiðni, tilraunum og almennri vellíðan; þetta slæma ástand ógnar sjálfbærni íslensks myndlistarlífs til langframa.

Þessi gögn sýna fram á verulega þörf fyrir opinberri íhlutun svo íslenskir listamenn geti fengið að njóta hagkvæmra kosta um rými til sköpunar myndlistar..

Kostnaður, heilsa og vellíðan


Árið 2024 vörðu listamenn á Íslandi 1–4 milljónum króna árlega í kostnað við myndlistarstörf sín sem var oft meira en þeir höfðu í tekjur. Ferðalög og flutningskostnaður eru helstu hindranir myndlistarmanna í tengslum við alþjóðlegt sýningarhald. Könnunin sýnir fram á að að fjárhagslegt álag á listamenn stafar ekki aðeins af lágum tekjum heldur einnig af hækkandi kostnaði við störf þeirra og flutning verka. Margir þátttakenda lögðu áherslu á að kostnaður við efni, verkfæri og framleiðslu verka væri meiri en tekjur af sölu listaverka eða styrkjum til sýningarhalds. Um 52% íslenskumælandi þátttakenda og 65% þeirra sem svörðu á ensku sögðu að auknar fjárveitingar kæmu til með að gera að afla sér

betri efniviðar og vinnustofurýma. Þetta átti sérstaklega við um þá sem vinna við innsetningar, skúlptúr eða önnur verk sem eru stór í sniðum. Könnunin frá 2020 sýnir að 60,2% héldu úti eigin vinnustofu og þetta er óbreytt árið 2025. Næstum 10% sögðust þó ekki hafa vinnustofurými til afnota en þyrftu að vinna að list sinni við ófullnægjandi aðstæður heimavið. Hækkaður húsnæðiskostnaður í Reykjavík gerir listamönnum erfiðara um vik að reka vinnustofu og í skriflegum svörum segja sumir listamenn að kostnaður vinnustofur sé orðinn „óviðráðanlegur“.

Þátttaka í sýningum er enn mikil (95% þátttakenda taka virkan þátt í sýningum) en endurgreiðslur kostnaðar við þær eru stopular. Í mörgum athugasemdum kom fram að listamenn greiði flutnings- og uppsetningarkostnað við sýningar oft úr eigin vasa sem grefur undan tekjum sem nú þegar eru takmarkaðar. Kostnaður við flugfargjöld, sérstaklega í tilfellum þeirra sem svara á ensku og þurfa iðulega að ferðast til að viðhalda alþjóðlegum tengslum sínum, var oft nefndur sem helsta hindrunin fyrir samstarfi og starfsframa.

Könnunin bendir til þess að fjárhagsleg álag hafi bein áhrif á vellíðan myndlistarmanna. Yfir 70% þátttakenda sögðu að aukinn fjárhagslegur stuðningur yrði til þess að þeir gætu einbeitt sér að fullu að vinnu við myndlist sína frekar en að skipta tíma sínum með öðrum störfum; þetta undirstrikar viðvarandi álag og of mikið vinnuálag. Í skriflegum athugasemdum kom fram að fjárhagsleg óvissu tengdist aukinni streitu, kulnun og heilsufarsvandamálum. Margir nefndu „tekjukvíða“ sem kerfisbundinn þátt við starf myndlistarmanna. Langtímaafleiðingar og persónulegt álag af völdum Covid-faraldursins eru einnig ennþá viðvarandi, en þá lækkuðu tekjur listamanna auk þess sem möguleikar til skapandi starfa minnkaði.

Annual Practice Costs of Artists



Mynd 8 – Árleg útgjöld myndlistarmanna við vinnu sína.

Inngilding og hindranir

Könnunin var framkvæmd bæði á íslensku og ensku. Þótt ekki sé hægt að fullyrða að allir sem svöruðu á ensku séu af erlendum uppruna, endurspeglar þessi undirhópur líklega þá sem standa fremur frammi fyrir tungumála- eða öðrum aðgengisörðugleikum. Svör þeirra benda til að þeir eigi erfiðara með aðgengi að styrkjum og opinberum tengslanetum sem sýnir nauðsyn þess fyrir inngilding verði í auknum mæli forsenda opinberrar menningarstefnu.


Samanburður þeim hópum sem svöruðu könnuninni á íslensku og ensku leiðir í ljós viðvarandi kerfisbundnar hindranir fyrir fullri þátttöku í menningarlífinu. Eins og áður hefur komið fram er ekki hægt að gera ráð fyrir að allir þeir sem svöruðu á ensku séu fæddir í útlöndum, en við getum þó gefið okkur að hér sé um að ræða listamenn sem standa frammi fyrir tungumála- eða aðgengisörðugleikum. Reynsla þeirra veitir því verðmæta innsýn í mögulegar kerfisbundnar áskoranir sem fylgja aðlögun að íslenskum listheimi. Þeir sem svöruðu á ensku voru ólíklegri til að hafa fengið styrki á síðasta ári. Um 75% þeirra sögðust

ekki hafa hlotið neinn opinberan stuðning. Til samanburðar höfðu um 67% þeirra sem svöruðu á íslensku ekki hlotið stuðning. Þessi hópur taldi jafnframt tryggja lágmarkstekjur ofar í forgangsörðun en þeir sem svöruðu á íslensku um þá tegund stuðnings sem þeir þurftu mest á að halda (spurning 20). Þetta bendir bæði til meiri fjárhagslegrar óvissu og minni árangurs í núverandi styrkjakerfum.

Svör við spurningum 34 og 40 (sjá mynd 9) sýna að þeir sem svara á íslensku eru líklegri til að sýna verk sín í söfnum og ríkisstyrktum sýningarrýmum, á meðan hlutfall þeirra sem svara á ensku sýna mun meira í listamannareknum rýmum, rýmum sem ekki eru hagnaðardrifin, svæðisbundnum hátíðum eða á öðrum vettvangi. Þetta bendir til þess að myndlistarmenn sem eru fæddir erlendis eða eru háðir ensku um að tjá sig séu oft útilokaðir frá formlegur stofnunun hér á landi og þurfi því fremur að reiða sig frekar á samferðamenn sína eða grasrótarnet. Í spurningu 29 kom í ljós að báðir hóparnir reiða sig mjög á aukatekjur sem ekki byggja á forsendum myndlistar. Þátttakendur sem svöruðu á ensku unnu hins vegar síður við kennslu en hinir, en myndlistarkennsla er mikilvæg uppspretta aukatekna fyrir listamenn á Íslandi. Þessi munur endurspeglar hugsanlega kröfur tungumálakunnáttu í menntakerfinu og þar af leiðandi minni aðgang að formlegum atvinnutækifærum. Marktækur munur var á því hversu miklum tíma fólk varði í vinnu við tengslanet, í samskiptum við sýningarrými eða sýningarstjóra. Meirihluti þeirra sem svöruðu á íslensku (≈55%) varði færri en 10 klukkustundum á viku í þetta á meðan minnihluti þeirra sem svöruðu á ensku (≈45%) voru í þessum lægsta flokki. Næstum 40% þessa hóps sagðist eyða 10–20 klukkustundum á viku í tengslanet, samanborið við 35% þeirra sem svöruðu á íslensku. Þetta bendir til meira meiri vinna fari í samskipti hjá myndlistarmönnum af erlendum uppruna sem sýnir að þeir búa við auknar hindranir fað aðgengi og sýnileika.

Gögn rannsóknarinnar eru ábending um tilvist margþættra kerfisbundinna hindrana sem hafa áhrif á þá myndlistarmenn sem eiga sér erlendan uppruna eða nýta sér ensku til að tjá sig. Ef vilji er til að vinna í þessum málum gæti það meðal annars falist í því að þýða og einfalda ferli á bak við styrkveitingar, að tryggja öllum jafnan aðgang að tækifærum til kennslu, að efla aðgengi allra að sýningum á vegum stofnana styðja við leiðir til samfélagslegrar aðlögunar, til dæmis með auknum sérfræðistuðningi og skipulögðum alþjóðlegum vinnustofum þar sem mörg tungumál eru til staðar Þessi þættir birtast vel í töflum 34 og 40 um sýningarstaði (mynd 9). Þar er greinilegur munur á því hvernig þátttakendur sem svara á íslensku og þeir sem svara á ensku í tengslum við samskipti við menningar. Þessi munur birtist einnig í töflu um styrki og fjármögnun (mynd 6), þar sem skortur á stuðningi er ljós.

Q34/Q40. Types of Exhibition Venues (IS, EN, Overall)



Mynd 9 – Tegundir sýningarstaða fyrir listamenn á Íslandi

Samantekt niðurstaðna

Könnun SÍM um lífsviðurværi myndlistarmanna 2025 er í samræmi gögnin frá 2020: listamenn á Íslandi leggja verulega mikið af mörkum til menningar og efla sýnileika Íslands alþjóðlega verulega en búa ætíð við lítið fjárhagslegt öryggi. Ef ekki er gripið inn í ástandið á skipulegan hátt er hættu á hnignun greinarinnar og verulegu brottfalli úr henni til langs tíma.

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands námu rekstrartekjur á sviði menningar og skapandi greina 126 milljörðum króna árið 2021 og höfðu þá aukist um 5,6% frá fyrra ári. Hluttur myndlistargeirans nam um 3,5% af tekjunum eða um 4,4 milljörðum króna á ári. Rannsóknir Eurostat og Evrópska fjárfestingarsjóðsins (6) staðfesta að myndlist leggur að jafnaði til um 0,5% af landsframleiðslu á Íslandi og í Evrópu, en menningariðnaðurinn og skapandi greinar í heild leggja til 5,3% af landsframleiðslu.

Þessar tölur undirstrika að myndlist, þótt hún sé oft vanmetin í opinberri stefnumótun, er mælanlegur og mikilvægur hluti efnahagslífs á Íslandi. Stuðningur við þennan geira eflir ekki einungis menningarlíf landsins heldur einnig atvinnu, ferðaþjónustu og alþjóðlegt orðspor landsins.

Framtíðarhorfur

Ef núverandi stefna helst óbreytt er líklegt að myndlistarmönnum í fullu starfi á Íslandi muni fara fækkandi fram til 2035 og að við kæmum til með að missa hæfileikafólk á þessu sviði, annaðhvort úr landi eða yfir á önnur starfssvið. Ef lágmarks umbætur væru gerðar á kerfinu mætti minnka þennan vanda nokkuð. Stærri breytingar þyrfti til að leysa stærri kerfisbundin vandamál. Það þarf skýra stefnu um uppbyggingu — sem gæti falið í sér öflugt framboð á niðurgreiddum öruggum vinnustofum, kerfi sem tryggði lágmarkstekjur, borgaralaun, og verulega eftt kerfi um verkefnastyrki — til að byggja upp sjálfbært umhverfi myndlistar á Íslandi. Stefna sem byggði á þessu myndi gera myndlistarsviðið á Íslandi sambærilegt við það sem best gerist í Evrópu og leiða til öflugrar menningarþróunar hér á landi næstu áratugi.

Þegar kannanir SÍM frá 2020 og 2025 eru skoðaðar saman kemur í ljós skýrt samræmi: Íslenskir myndlistarmenn leggja mikið af mörkum til menningarmála, bæði innanlands og erlendis, en lífsviðurværi þeirra er ótryggt. Niðurstöður könnunarinnar frá 2020 báru með sér að myndlistarmenn tóku þátt í næstum 1.700 innlendum sýningum og 1.000 alþjóðlegum sýningum á ári. Áætlaður efnahagsleg framlegð sýninga og fjölmiðlaumfjöllunar var áætlaður um 1,6 milljarðar króna árlega. Samt sem áður námu úthlutanir úr launasjóði myndlistarmanna minna en 15% af þessari upphæð. Fimm árum síðar, skv. könnuninni frá 2025, er þetta ójafnvægi enn til staðar: listamenn vinna margir ennþá sem nemur fullu starfi við listsköpum sína, en eru þó fæstir með sjálfbærar tekjur af sölu listaverka eingöngu, þeir verða að reiða sig á stopula styrki, kennslu í hlutastarfi eða störf ótengd myndlist til að tryggja afkomu sína.

Aðgengi myndlistarmanna að vinnustofum er enn mikilvæg hindrun. Árið 2020 leigðu 60% vinnustofur, 30% unnu heiman frá sér og næstum 10% höfðu enga vinnustofu. Könnunin frá 2025 sýnir að þetta vandamál er viðvarandi og hefur versnað vegna hækkandi fasteignaverðs í Reykjavík. Alþjóðlegar fyrirmyndir (Amsterdam, Berlín, London) sýna að langtíma stefnumótum opinberra aðila við að bjóða upp á hagkvæma vinnuaðstöðu fyrir myndlistarmenn er ekki flókin í framkvæmd og skiptir miklu máli við að byggja upp sjálfbæra listastarfsemi með tilheyrandi auknum efnahagslegs ávinningi.

Það að veita SÍM langtímaleigusamninga á hagstæðu verði í húsnæði í eigu ríkis eða sveitarfélaga væri góð leið til að skapa myndlistarmönnum viðunandi vinnuaðstöðu sem myndi hafa mælanlegt gildi í þágu almannahagsmuna. Slíkar aðgerðir eiga sér mikilvæg fordæmi alþjóðlega:

Í Amsterdam hefur Bureau Broedplaatsen veitt 42 milljónum evra í styrki síðan árið 2002. Þetta fjármagn var nýtt til að standa straum af 112 verkefnum á vegum Broedplaatsen og leiddi af sér uppbyggingu á alls 240.000 fermetrum af vinnustofum listamanna — þetta jafngildir um 3.400 vinnustofum í heild. Af þess þar af voru yfir 61% af þessum vinnustofum var úthlutað til viðurkenndra starfandi listamanna (CAWA-approved). Á 20 ára tímabili var verkefnið eftt og 165.000 fermetrum bætt við fyrir vinnustofur, sértæk verkefnarými og sameiginleg íbúðar- og vinnurými. (7)

Í Berlín hefur Menningarmálaráð (Senatsverwaltung für Kultur und Europa) byggt upp öflugt kerfi um vinnurými listamanna, sem styður við viðhald og útvegum verkefnarýma, vinnustofa og æfingasala fyrir listamenn sem eru búsettir í borginni. Í þessu skyni hefur verið komið á fót fjölbreyttum fjármögnunarleiðum, þar á meðal leiguáætlun fyrir vinnustofur, skipulögðum styrkjum til listarýma, upptökuaðstöðu, æfingarými fyrir tónlistarmenn og sviðslistamenn, auk fjármögnunar fyrir vinnustofur myndlistarmanna sem BBK, Félag myndlistarmanna í Berlín, sér um. Með því að úthluta fé á vegum borgarinnar beint til vinnustofuuppbyggingar hefur Berlín komið á fót einu öflugasta samfélagi listamanna í Evrópu. Fyrir tilstilli þessa kerfis eiga listamenn kost á því að leigja húsnæði á viðráðanlegu verði, á bilinu sem svarar 600–1000 kr. á fermetra. Jákvæð áhrif þessa verkefnis hefur víðtæk áhrif út fyrir listheiminn: Hagræn áhrif menningar í Berlín skiluðu 15,1 milljarði evra (2.350 milljörðum króna) tekjum árið 2023 (224.800 störf), Stórviðburðir eins og Berlin Art Week (meir en 130.000 gestir árið 2024) voru skýr vitnisburður um þá menningarlegu stöðu sem borgin hefur byggt upp með því að tryggja stöðugan grundvöll fyrir framleiðslu og sköpun listamanna. (8)

Creative Land Trust í London, sem var stofnað árið 2019, hefur byggt upp 1.000 vinnustofur til frambúðar. Með því að tryggja eignarhald á viðeigandi húsnæði og leigusamninga til 99 ára er listamönnum búin aðstaða sem er óháð stopulur markaðsaðstæðum. Sjóðurinn hefur þannig byggt upp grundvöll fyrir listrænt og menningarlegt hagkerfi Lundúna, þar sem menningarferðamenn verja um 7,3 milljörðum punda árlega (1.225 milljörðum króna) og eru grundvöllur um 80.000 starfa. Stórviðburðir eins og Frieze London (90.000 gestir árið 2024) reiða sig á þessa uppbyggingu grunnstoða fyrir myndlistarlíf borgarinnar. (9)

Lærdómur fyrir Ísland

Þessar alþjóðlegu fyrirmyndir eru til vitnis um að það að útvega myndlistarmönnum tryggar vinnustofur til langs tíma, undir markaðsverði, snýst ekki aðeins um stuðning við listamenn — það byggir upp og viðheldur grundvelli menningarlegrar framleiðslu sem knýr stórviðburði, menningarferðaþjónustu og byggir upp orðspor lands og borgar.

Fyrir Ísland myndi þessi aðferð:


- Tryggja fjárhagslega sjálfbærni listamanna, draga úr atgerfis flóttu og kulnun.
- Styrkja innlent menningarhagkerfi með því að viðhalda rótgróinni skapandi framleiðslu í landinu.
- Efla fjölbreytni í menningarlegri upplifun ferðaþjónustunnar til hagsbóta og færa áhersluna að hluta til frá landslagi yfir á menningarupplifun.
- Stuðla að auknum skilningi almennings á starfssviði myndlistarmanna þannig að fólk læri meta framlag þeirra að verðleikum.
- Koma í veg fyrir að byggingar á vissum svæðum borgarinnar einskorðist við einhliða atvinnustarfsemi (hótel, veitingastaði) með því að nýta vel staðsettar byggingar í þágu menningarlegs ávinnings til langframa.

Mikilvægi stefnumótunar:

Það er ljóst að það að bjóða upp á niðurgreidda og örugga vinnuaðstöðu fyrir listamenn er, út frá viðurkenndri reynslu á alþjóðavettvangi, er áhrifaríkt. Það að útvega samtökum eins

og SÍM opinbert húsnæði með tryggri leigu til frambúðar myndi tryggja öfluga starfsemi listamanna í landinu, þeir ætti þannig kost á góðri vinnuaðstöðu á viðráðanlegu verði, nokkuð sem sýnt hefur verið fram á að skilaði langtímaávinningi, bæði í menningarlegu og efnahagslegu tilliti.

International Studio Provision Models vs Reykjavík (2025)



Mynd 10 – Tryggjar vinnustofur listamanna í borgum Evrópu, samanborið við Reykjavík.

Ef horft er til framtíðar stendur Ísland frammi fyrir þremur mögulegum útfærslum um uppbyggingu í málefnum myndlistarmanna:


1. **Óbreytt ástand (engin stefnubreyting):** Listamenn halda áfram að reiða sig á stopula verkefnastyrki og aukastörf. Aðgangur að vinnustofum verður sífellt óviðráðanlegri sem leiðir til brottfalls í greininni og minni möguleika á fagmennsku. Þótt íslenskir listamenn hafi byggt upp góðan alþjóðlegum sýnileika til skamms tíma er hætt á að fagleg áhrif minnki, þar sem minni og fábreyttari hópur listamanna koma til með að geta beitt sér af alefli.
2. **Markviss stuðningur (talsverðar umbætur):** Útvíkkun styrkja og tilkoma lágmarkslauna leiddi af sér stöðugar tekjur. Niðurgreidd vinnustofuverkefni eftir fyrirmyndum frá Amsterdam eða Berlín gæti tryggt aðgang að vinnuaðstöðu til frambúðar. Fleiri aðgengileg ferli fyrir umsækjendur sem tala ensku draga úr

hindrunum fyrir listamenn sem eru ekki íslenska. Þetta myndi vernda fjölbreytileika og viðhalda listsköpun á núverandi stigi.

3. **Umbreytingarstefna (miklar umbætur):** Langtímaleiga á húsnæði í opinberri eigu til SÍM eða sambærilegra aðila myndi leiða af sér varanlegt net hagkvæmra vinnurýma fyrir listamenn. Útvíkkun listamannalauna yfir í borgaralaun færði ríkisstuðning nær því raunverulega menningarlega og efnahagslega gildi sem listamenn leiða af sér. Myndlist kæmi til með að verða betur samþætt menningarstefnu Íslands í heild og tengdi saman áherslur ferðaþjónustu, menntunar og alþjóðlegra verkefna. Þessi atburðarás myndi gera Ísland að leiðandi aðila í menningarmálum, tryggði öflugt innlent menningarlíf til frambúðar og eflði alþjóðlega virðingu fyrir þjóð og menningu.

Möguleg framtíð og framþróun myndlistargeirans á Íslandi byggir á því hvaða leið verður farin í stefnumótun. Seigla listamanna er ljós, en áframhaldandi framlag þeirra er háð markvissum langtímaaðgerðum til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni og aðgang að nauðsynlegum innviðum. Án íhlutunar er hætta á stigvaxandi samdrætti; með réttri stefnu gæti Ísland náð sjálfbærum vexti, varðveitt menningarlega fjölbreytni og styrkt alþjóðlegt orðspor sitt.

Policy Scenarios and Consequences by 2035



Mynd 11 – Stefnumótunarsviðsmyndir og afleiðingar fyrir árið 2035

Tillögur um stefnumótun

1. tillaga um stefnumótun: Langtímaframboð á vinnustofum

Ein af helstu niðurstöðum SÍM-könnunarinnar 2025 er brýn þörf fyrir tryggar og hagkvæmar vinnustofur. Næstum 10% þátttakenda segjast ekki hafa aðgang að vinnustofu og um 60% leigja á háu og oft óstöðugu verði. Stór hluti þátttakenda sem svöruðu á ensku (sem samsvarar erlendum eða ekki-íslenskumælandi listamönnum) átti í talsverðum erfiðleikum við að tryggja sér vinnustofur á langtímaleigu. Þessi skortur á tryggum vinnustofurýmum grefur undan mögulegri sjálfbærni listamanna, neyðir marga til að vinna í óhentugu og ófullnægjandi húsnæði og stuðlar að fjárhagslegum óstöðugleika.

Að leigja SÍM opinbert húsnæði á viðráðanlegu verði til langs tíma myndi stuðla að öruggu vinnuhúsnæði fyrir myndlistarmenn. Slík aðgerð myndi efla menningarumhverfið og nýta húsnæði sem ekki er þörf fyrir. Samanburðarrannsóknir frá Evrópu sýna fram á hversu árangursríkar slíkar aðgerðir geta verið.

Fyrir menningarumhverfið bjóða þessir möguleikar upp á skýrt og arðbært skipulag án teljandi áhættu. Langtímaleiga opinbers húsnæðis til SÍM á kostnaðarverði myndi (1) tryggja ásættanlegan grunnkostnað fyrir hundruð myndlistarmanna sem gerði þeim kleift að sinna sínum störfum allt árið um kring; (2) umbreyta vannýttum byggingum í menningarbyggingar með daglegri menningarstarfsemi á mikilvægum stöðum í borginni; (3) stuðla að þéttri menningarstarfsemi sem yrði kjarni sem skapandi fyrirtæki spryttu upp úr; og (4) styrkja orðspor Reykjavíkur sem menningarborgar og Íslands sem menningarlands sem yki möguleika á sókn alþjóðlegra viðburða og listamanna hingað fyrir alþjóðlegar vinnustofur, hátíðir og skipti.

Kerfið sem fjárhagslega skilvirkt: framlag hins opinbera fælist aðallega í leigusamningum og léttum fjárfestingarframkvæmdum, en stjórnunar- og rekstraráhætta yrði áfram hjá SÍM. Með réttlátri og ábyrgri úthlutunarstefnu um vinnustofur gæti Ísland á skömmum tíma byggt upp varanlega innviði til að tryggja vinnuumhverfi myndlistarmanna á hagkvæmum kjörum. Slíkar aðgerðir myndu tryggja ötula listsköpun og skila sér margfalt í samfélagslegum verðmætum.

2. tillaga um stefnumótun: Tryggðar lágmarkstekjur listamanna

Niðurstöður könnunar SÍM 2025 sýna greinilega að tekjuóöryggi er enn helsta áskorunin sem mætir atvinnumyndlistarmönnum á Íslandi. Minna en fjórðungur svarenda fær meir en 25% af tekjum sínum frá sölu listaverka. Meirihluti myndlistarmanna treystir á kennslu, verktöku í tengslum við menningarstofnanir og -viðburði eða vinnur störf á öðrum vettvangi til að geta haldið áfram vinnu við list sína. Margir segjast vinna sem samsvarar fullri vinnu eða meira við listsköpun, án þess að það leiði af sér fjárhagslegan stöðugleika. Þessi veruleiki skapar þversögn: listamenn leggja sig alla fram við faglega vinnu sína en njóta ekki faglegs öryggis.

Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig að þegar beðið var um að raða mögulegum leiðum til stuðnings í forgangs röð, þá töldu bæði þeir sem svöruðu á íslensku og þeir sem svöruðu á ensku að tryggja lágmarkstekjur fyrir listamenn væru skilvirkasta leiðin til að tryggja afkomu þeirra og störf. Meðal þátttakenda sem svöruðu á ensku settu næstum 70% þennan valkost í fyrsta sæti. Þeir sem svöruðu á íslensku röðuðu þessum kosti einnig fremst, umfram aukningu í styrkveitingum, skattaívilnunum eða niðurgreiddum vinnustofum. Þessi sterka samstaða undirstrikar að myndlistarmenn telja að til þess að viðhalda fagmennsku á sínu sviði og til að efla myndlistarvettvanginn sé rík þörf á lausnum sem draga úr sveiflum í tekjum.

Alþjóðleg fordæmi um slíka stefnumótun sanna að reikna má með raunhæfum árangir. Dæmi um þetta er núverandi tilraunaverkefni á Írlandi frá 2022, um borgaralaun til handa listamönnum (Basic Income for the Arts scheme). Verkefnið veitir 325 evrum á viku (um 200.000 á mánuði) til 2.000 listamanna. Árangur verkefnisins er metinn á grundvelli áhrifa þess á sjálfbærni, afköst og vellíðan. Frumniðurstöður um árangur benda til þess að þátttakendur upplifi minni streitu, nái aukinni framleiðni og taki almennt virkari þátt í nærsamfélagi sínu. Svipaðar hugmyndir hafa átt sér stað í Finnlandi, Frakklandi og Kanada sem bendir til vaxandi viðurkenningar á því að menningarlegt starf krefjist traustrar undirstöðu. (10)

Fyrir Ísland myndi borgaralaun listamanna hafa þrjá lykilkosti í för með sér:

1. **Sjálfbærni:** að gera listamönnum kleift að einbeita sér að iðkun á sérsviði sínu frekar en draga fram lífið með vinnu í ótengdum greinum.
2. **Jafnrétti:** að styðja þá sem eiga erfiðara með að keppa um takmarkaða styrki, þar á meðal yngri listamenn og listamenn af erlendum uppruna.
3. **Margföldunaráhrif:** gerir myndlistarmönnum mögulegt að halda fleiri sýningar, eflir samstarfsmöguleika og þróun nýjunga sem efla menningarlega og efnahagslega ímynd Íslands.

Kerfi byggt á þessum forsendum mætti í upphafi innleiða sem tilraunaverkefni með aðild bæði ungra myndlistarmanna og þeirra sem eru á miðjum ferli. Skipulag verkefnisins yrði í samvinnu við SÍM og aðlagð að núverandi styrkjakerfum. Ef vel tækist til mætti útvíkka kerfið með það að markmiði að þegar árið 2030 gæti Ísland boðið upp á umhverfi sem styður best við menningarframleiðslu í Evrópu.

3. tillaga um stefnumótun: Að efla og skýra umgjörð um styrki

Könnun SÍM 2025 sýnir að mikil eftirspurn er til staðar fyrir fleiri og stærri opinberum styrkjum. 26,9% þeirra sem svöruðu á íslensku töldu bættar styrkveitingar vera forgangsatriði og þessi liður hlaut hvað flest heildarstig í forgangs röðun verkefna. 43% þeirra sem svöruðu á ensku töldu þetta eitt af þremur mikilvægustu aðgerðunum. Þótt styrkveitingar séu ekki metnar jafnmikilvægar og tryggja lágmarkstekjur, þá er ljóst að myndlistarmönnum þykja þar afar mikilvæg leið til að styðja við faglegt starf þeirra.

Myndlistarmenn segja að verulegur hluti vinnu þeirra fari í að sækja um styrki — oft 10–20 klukkustundir á viku — en árangurshlutfall sjóða er lágt og styrkuppþæðirnar standa sjaldan undir fullum kostnaði við verkefnin. Í skriflegum svörum kom fram óánægja með fyrirkomulag skammtímastyrkja, verkefnabundinna, sem taka ekki tillit til langtímaverkefna, rannsókna, tilrauna eða undirbúnings sýningarverkefna. Þátttakendur sem svöruðu á ensku bentu á kerfislægar hindranir og misjafna stöðu sína, erfiðleika við að fóta sig í umsóknarferlum á íslensku auk þess sem þeir töldu að kerfislægir fordómar hygli umsækjendum sem hafa hlotið menntun sína á Íslandi eða hafa byggt upp öflugt tengslanet hér.

Alþjóðlega má finna margar gagnlegar fyrirmyndir að bættu styrkjakerfi. Í Noregi veitir Listaráðið rekstrarstyrki til einstakra listamanna til margra ára sem dregur úr stjórnsýsluálagi og gerir þeim kleift að skipuleggja rekstur sinn til lengri tíma. Listaráð Kanada býður upp á blöndu af verkefnafjármögnun og framfærslustyrkjum þar sem sérstök áhersla er lögð á að styrkja innflytjendur og listamenn úr hópi frumbyggja. Þessi dæmi sanna að uppbygging faglegrar listsköpunar til langs tíma krefst samfellu fremur en fjármögnunar fyrir einstök verkefni.

Í tilviki Íslands gætu umbætur falið í sér:

1. **Stærri styrkir til lengri tíma** sem gerðu listamönnum kleift að takast á við metnaðarfull verkefni og byggja upp alþjóðleg tengslanet.
2. **Gagnsætt ferli úthlutunar og tryggt aðgengi fyrir enskumælandi**, til að tryggja jafnræði allra atvinnu myndlistarmanna.
3. **Einföldun stjórnsýslu** til að draga úr þeim tíma sem listamenn þurfa að verja í gerð umsókna.
4. **Að gæta jafnvægi í stuðningi við einstök verkefni og langtíma þróun**, til að styðja til jafns langtímaþróun listamanna og opinbert sýningarhald.

Að efla og bæta ferli við styrkveitingar myndi ekki aðeins auka sanngirni og skilvirkni heldur einnig styrkja menningarinnviði innanlands. Að samræma fjármögnun við faglegan veruleika myndlistarmanna gefur stjórnvöldum möguleika á að auka sýnileika og áhrif, framleiðni og velferð listamanna á Íslandi. Það nýtir einnig hóflegar fjárfestingar sem skilar umtalsverðum menningarlegum og efnahagslegum arði.

4. tillaga um stefnumótun: Inngilding og afnám hindrana

Könnun SÍM árið 2025 var gerð bæði á íslensku og ensku til að ná utan raunveruleika þeirra myndlistarmanna sem hafa ekki fulla færni í íslensku. Þó að ekki sé víst að allir sem svöruðu á ensku eigi sér erlendan uppruna, þá varpa svör þeirra skýru ljósi á hindranir sem tengjast tungumáli, aðgengi og inngildingu. Þessi undirhópur (um 10% þátttakenda) birtir aðstæður þeirra sem ekki tala íslensku standa jafnframt frammi fyrir vandamálum í tengslum við aðgengi.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að þeir sem svara á ensku eru ekki síður faglegir í störfum sínum og innlendir jafnaldrar þeirra: flestir verja yfir 20 klukkustundum á viku í

iðkun myndlistar og margir sýna verk sín á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir það sinna þeir síður kennslu myndlistar, eiga í meiri erfiðleikum með að koma sér upp vinnustofu og lýsa meiri óvissu í tengslum við opinbera skilgreiningu á hugtakinu „faglegur myndlistarmaður“. Skrifleg svör þessa hóps lýsa áhyggjum vegna takmarkaðs aðgengis að fjármögnunarleiðum, erfiðleikum í samskiptum við stofnanir og opinbera aðila og ójafnræði í að hljóta faglega viðurkenningu í samanburði við innlenda jafnaldra sína.

Þessar niðurstöður endurspeglar rannsóknir á þessu sviði í Evrópu. Í Bretlandi var niðurstaða rannsókna árið 2018 (2) sú að listamenn í hópi innflytjenda standa oft frammi fyrir tvíþættri óvissu sem tengist því að þurfa bæði að takast á við kerfisbundin vandkvæði þess að geta stundað list sína og kerfisbundnar hindranir fyrir aðgengi. Yfirvöld í Kanada viðurkenna alríkisstefnan skýrt að aðfluttir listamenn þurfi sértækan stuðning í styrkjakerfinu til að ná að standa til jafns við aðra. Ef við yfirferum þetta yfir á Ísland þá er ljóst að án aðgerða til að efla inngildingu aðfluttra þá er hætt á að færni, nýsköpun og alþjóðleg tengslanet sem innflytjendur og listamenn með önnur móðurmál en íslensku flytja með sér fari forgörðum.

Aðgerðir stefnumótunar gætu falið í sér:

1. Að boðið sé upp á allar umsóknir um styrki, leiðbeiningar og skýrslugerð á ensku auk íslensku.
2. Skipulagðar aðgerðir og leiðbeiningar til að tengja aðkomna listamenn á virkan hátt við íslenskar stofnanir og sýningarstjóra.
3. Skýrar leiðbeiningar um viðurkenningu á alþjóðlegri menntun og hæfni og sýningarsögu á faglegum forsendum.
4. Eftirfylgni með aðgerðum og regluleg greining á þátttöku aðfluttra myndlistarmanna og aðgengi að opinberri fjármögnun og sýningum.

Afnám þessara hindrana er ekki aðeins spurning um réttlæti; það styrkir umgjörð menningar og listar í heild. Stefnumótun um aukna inngildingu tryggir að allir atvinnulistamenn — óháð uppruna eða tungumáli — geti lagt sitt af mörkum til að efla íslenska menningu, til að stuðla að fjölbreytileika, efla alþjóðlegt orðspor landsins og félagslegt samhengi útávið.

Stefnutilmæli: Viðurkenning á efnahagslegu framlagi listamanna

Könnun SÍM 2025 sýnir fram á að myndlistarmenn eru ekki aðeins framleiðendur á menningarlegum forsendum heldur leggja einnig sitt af mörkum til efnahagslífsins í miklum mæli. Þátttakendur í könnuninni greindu frá mikilli starfsemi á alþjóðlegum sýningarvettvangi og samstarfi við erlenda aðila, þættir sem styrkja sýnileika Íslands á heimsvísu. Efnahagslegt gildi þessa framlags er hins vegar að mestu ósýnilegt í þjóðhagsreikningum og opinberri stefnumótun.

Samkvæmt könnuninni frá 2020 var áætlað að árlegt sýningarhald og miðlun á störfum myndlistarmanna skiluðu menningarlegu gildi sem nemur meir en 1,5 milljörðum króna árlega. Niðurstöður frá 2025 staðfesta að þátttaka í alþjóðlegum sýningum hefur haldið

áfram í stórum stíl. Þessi starfsemi styður við menningarferðajónustu, styrkir ímynd Reykjavíkur sem skapandi borgar og stuðlar að alþjóðlegri viðurkenningu Íslands sem menningarlands. Viðburðir eins og Listavikan í Berlín eða Frieze í London sýna hvernig menningarframleiðsla skilar sér beint í útgjöldum gesta og sköpun atvinnutækifæra — nokkuð sem Íslendingar mættu taka upp í mikið frekar og myndi skila sér í aukinni viðurkenningu og fjárfestingum.

Stefna á þessu sviði gæti falið í sér eftirfarandi aðgerðir: að reikna skipulega hagræn áhrif myndlistarstarfs í aðgreindum hagvísi og tryggja að framlag þeirra sé gert álíka sýnilegt og framlag ferðajónustu og greina sem taka á menningararfi; að láta meta reglulega á áhrif styrkveitinga og aukinnar úthlutunar vinnu- og starfsrýma myndlistarmanna á menningarferðajónustu; að skilgreina myndlistarmenn sem sérgreindan og sýnilegan þátt í markaðsetningu á Íslandi erlendis. Með því að veita listamönnum fulla viðurkenningu sem mikilvæga aðila, bæði menningarlega og efnahagslega, geta stjórnvöld staðfest forsendur fyrir sjálfbærri fjárfestingu í greininni og jafnframt styrkt alþjóðlegt orðspor Íslands sem miðstöð sköpunar og lista.

Dr. Emilia Telese, ágúst 2025

Heimildir

- (1) Telese, E (2025) *Undoing The Romanticisation Of The Starving Artists*, The Reykjavík Grapevine, apríl 2025, forsíðugrein. — Sameinaði sjónarhorn mitt sem listamanns og rannsakanda við vitnisburði jafnaldra minna og kannaði gangverk, vinnuskilyrði og fagmennsku íslenska listasennar. ;

Telese, E (2025) *A Place to Work, Hugleiðingar um vinnustofurými listamanna á Íslandi*, Myndlist Á Íslandi, 5. tbl. — Áhersla á meginmálið um vinnurými listamanna. Skoðað var bilið á milli menningarframlags listamanna og efnahagslegrar viðurkenningar þeirra. Varðveitt var hvernig flestir listamenn þéna undir mannsæmandi launum og hvernig vanfjárfesting í einstaklingum (samanborið við stofnanir) grafar undan sjálfbærni.

Telese, E (2022) *Félagshagfræðilegt gildi listafólks á Íslandi: verðug umræða. Félagslegt og efnahagslegt gildi listamanna á Íslandi: umræða sem vert er að eiga*. Myndlist á Íslandi, 2. tölublað — Greint var frá stöðu myndlistarmanna í íslenska hagkerfinu og tilliti til atvinnulistamanna innan menningarstefnu á staðnum. Varðveitt var hvernig ójöfn aðgengi að auðlindum þaggar niður rödd minnihlutalistamanna.

- (2) Gögn um kynjaskiptingu í myndlist: Sjá til dæmis,

Skapandi Skotland (2016). *Yfirlit yfir myndlistargeirann*. Edinborg: Creative Scotland.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins: Rannsóknar- og nýsköpunarsvið, *She figures 2021 – Kyn í rannsóknum og nýsköpun – Tölfræði og vísbendingar*, Útgáfuskrifstofa, 2021, <https://data.europa.eu/doi/10.2777/06090>

Coles, MacNeill o.fl., (2018). *Staða kvenna í kanadískum lista- og menningargeiranum*. Listaráð Ontario

Anheier, HK, & Markovic, D. (2024). Jafnrétti kynjanna og menningarhagkerfið: Samanburðarsjónarmið (1. útgáfa). Routledge.
<https://doi.org/10.4324/9781003031123>

Að lesa meira (2018) *Lífsviðurværi myndlistarmanna: Yfirlitsskýrsla*, Listaráð Englands

(3) Jones, S (2025) *Skýrsla um líf listamanna, vistfræði fyrir seiglu*, 2025

(4) Menningaraðgerðir Evrópu (2024) *Sveigjanleiki, óvissa og óvissa: listamenn vinnuskilyrði í þremur orðum*, DE.A.RE (Deconstruct And Rebuild) verkefnið, Evrópusambandið

(5) Fréttatilkynning Hagstofunnar, maí 2023 <https://www.hagstofa.is/publications/news-archive/culture/updated-culture-indicators/>

(6) Evrópski fjárfestingarsjóðurinn (EIF) (2021), *Markaðsgreining á menningar- og skapandi geirum í Evrópu*.

(7) Blacker, N, Poort, J, Burema, F (2022) *Broedplaatsen in de Metropoolregio Amsterdam*, Atlas Research, Amsterdam

(8) Heimildir: Menningar- og félagslegrar samheldnideild öldungadeildarinnar – Menningarmálaráðuneytið <https://www.berlin.de/sen/kultur/en/funding/funding-programmes/workspaces/> Sjá einnig DIW Econ (2023) *Ferðamálareikningur (TSA)* og Stehle, M, og Stead, C, (2025) „*Vöxturinn hefur verið gríðarlegur*“, Mona Stehle á Berlin Art Week, Frieze, ágúst 2025.

(9) Borgarstjóri Lundúna / Ping Lundúna, (2019) *Borgarstjóri stofnar byltingarkennda Creative Land Trust*, <https://www.london.gov.uk/press-releases/mayoral/mayor-launches-groundbreaking-creative-land-trust>

(10) Tilraunaverkefni um grunntekjur listamanna á Írlandi, 2025

<https://www.citizensinformation.ie/en/employment/unemployment-and-redundancy/employment-support-schemes/basic-income-arts/>